

Efnisyfirlit

1 Almennar upplýsingar	2
1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð	2
1.2 Viðhald og breytingar	2
1.3 Starfstími Tröllaborgar	3
2 Hugmyndafræði Tröllaborgar	3
2.1 Starfsgrundvöllur	3
2.2 Áherslur Tröllaborgar	3
2.3 Daglegt líf í Tröllaborg	4
2.4 Dagskipulag.....	5
3 Leikskólastarfið	6
3.1 Framkvæmd ársáætlunar	6
3.2 Grænfáninn.....	6
3.3 Starfið hvern mánuð.....	7
3.4 Útikennsla.....	12
3.5 Skólahópur.....	12
4 Nemendur.....	13
4.1 Nemendafjöldi	13
4.2 Sérkennsla	14
5 Starfsmenn	15
5.1 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi	15
5.2 Starfsmenn í fjarnámi	15
6 Símenntun	15
6.1 Ýmis námskeið	15
6.2 Skipulagsdagar	16
7. Mat á skólastarfi	16
8 Tölvumál	16
9 Önnur samskipti.....	17
9.1 Grunnskólinn að Hólum.....	17
9.2 Foreldrasamstarf	17
9.3 Vinnuskólanemar.....	17
9.4 Gjafir	17
10 Skólanámskrá og annað útgefið efni	18

1 Almennar upplýsingar

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana út að austan þ.e. Brúsabæ á Hólum, Barnaborg á Hofsósi og Bangsabæ í Fljótum og ráða einn leikskólastjóra. Samheiti þessa nýja leikskóla er Tröllaborg en hver deild heldur þó sínu nafni og séreinkennum. Í öllum deildunum er boðið upp á morgunmat, heita máltíð í hádegi og seinnipartskaffi. Matseðlar, dagskipulag og aðrar upptakomur má finna á heimasíðu leikskólans.

1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð

Bangsabær

Bangsabær í Fljótum er í húsnæði grunnskólans, 60 m² að stærð og rúmar 8 börn samtímis í vistun. Börnin matast í matsal grunnskólans.

Barnaborg

Barnaborg er á Suðurbraut 7 á Hofsósi, húsnæðið er 125,7 m² að stærð og rúmar 15 börn samtímis í vistun. Kjallari er undir hluta hússins og er hann nýttur sem geymsla fyrir útidót og fleira.

Brúsabær

Brúsabær flutti í nýtt húsnæði sem var byggt við Grunnskólann á Hólum í janúar 1999. Húsnæðið er 112 m² að stærð og rúmar það 16 börn samtímis í vistun. Árið 2008 var húsnæðið stækkað inn í Grunnskólabygginguna og geta nú verið 40 börn samtímis í vistun. Börnin matast í matsal grunnskólans.

1.2 Viðhald og breytingar

Viðhald innanhúss

Barnaborg: Lokað var á milli samliggjandi herbergja og allt húsnæðið málað að innan.

Brúsabær: Allt húsnæðið í viðbyggingunni var málað svo og eldhúsið.

Bangsabær: Ekkert viðhald var í Bangsbæ

Viðhald utanhúss

Bangsabær: Ekkert viðhald var í Bangsabæ.

Barnaborg: Settir voru listar á skábrautina en hún var orðin verulega hættuleg vegna hálfu á henni. Settir þökur í kringum litla skúrinn. Settir upp kastarar til að lýsa upp lóðina en lýsingu hefur verið ábótavant.

Brúsabær: Girðing og dótaskúr var málað.

1.3 Starfstími Tröllaborgar

Starfsárið í Barnaborg og Brúsabæ var frá 10. ágúst 2009 til 28. júní 2010. Brúsabær var opinn frá 7:45 – 16:15 alla daga vikunnar, Barnaborg var opin frá 8:00-16:15 fjóra daga vikunnar, á föstudögum var lokað kl.15:00.

Að ósk foreldra í Bangsabæ þá er sami starfstími hjá leikskólanum og hjá grunnskóla staðarins, þannig að starfsárið í Bangsabæ var frá 31. ágúst 2009 til 21. maí 2010. Opnunartíminn lengdist aðeins og var opið frá 8:00 – 13:00 mánudaga til fimmtudaga en lokað á föstudögum.

Vistunartíminn er sveigjanlegur í öllum deildum. Við höfum þó reynt að hvetja foreldra til þess að koma með börnin flesta daga vikunnar en foreldrum sem þurfa að keyra börnin langar vegalengdir finnst kostur að geta fengið vistun fyrir börnin færri daga vikunnar en lengri tíma í senn. Við reynum að koma til móts við óskir allra og flestir fá þann tíma sem þeir óska eftir. Flestir sem koma fyrir hádegi eru í hádegismat þannig að hádegistíminn er vel nýttur.

2 Hugmyndafræði Tröllaborgar

2.1 Starfsgrundvöllur

Tröllaborg byggir starf sitt á lögum um leikskóla og uppeldisáætlun leikskólanna eins og hún kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999. Í lögum segir að veita skuli börnum góða umönnun og örugg uppeldisskilyrði. Ennfremur segir að leikskólinn skuli í samráði við foreldra og aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun. Meginstefna í markmiðslýsingu Aðalnámskrár er að uppeldisstarfið myndi órofa heild og stuðli þannig að því að efla alhliða þroska barnsins í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins. Lögð er áhersla á þau námssvið sem tilgreind eru í Aðalnámskrá en þau eru: hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Í samræmi við aðalnámskrá gerir leikskólinn sína eigin skólanámskrá sem hægt er að nálgast á heimasíðu leikskólans.

2.2 Áherslur Tröllaborgar

Aðaláhersla er lögð á leikinn, umhverfismennt og félagslega færni með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga **Johns Dewey** sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir og börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga **Lev Vygotsky** sem lagði áherslu á að nám eigi

sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldra barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskættina. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Í hverju barni býr mikil og fjölbreytt sköpun. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á sínum eigin forsendum og fái tækifæri til að koma sínum hugmyndum og sköpunarkrafti á framfæri á fjölbreyttan hátt.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun og hvetur það þau áfram auk þess sem það verður til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

2.3 Daglegt líf í Tröllaborg

Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Nám í leikskóla er bæði með formlegum og óformlegum hætti. Formlega námið fer að mestu fram í hópastarfi en óformlega námið á sér stað allan daginn í leikskólanum, svo sem í gegnum leikinn og í tengslum við daglegar athafnir barnanna. Með því að hafa skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefur það leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Þegar barn byrjar í leikskólanum fá foreldrar þess afhenta handbók þar sem fram koma upplýsingar um alla fasta þætti í starfi leikskólans. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt eftir aðstæðum. Dagskipulagið er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Í byrjun hvers mánaðar er sett á heimasíðu Tröllaborgar mánaðarskipulag með upplýsingum um allt starf þann mánuðinn, ásamt upplýsingum um hádegismatseðil.

Víkulega setja hópstjórar inn á heimasíðu leikskólans hvað var gert í vikunni í hópastarfinu og hvernig gekk, þannig að foreldrar geti fylgst vel með því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Á haustin er einnig gefið út skóladagatal þar sem fram koma helstu atburðir vetrarins. Hægt er að nálgast dagskipulagið og skóladagatalið inn á heimasíðu leikskólans.

2.4 Dagskipulag

Markmiðið er að hafa dagskipulagið sem líkast frá degi til dags. Ákveðnar tímasetningar og skipulag skapa ramma um leikskólastarfið og um leið festu og öryggi fyrir barnið og starfsfólkið.

Barnaborg og Brúsabær:

07:45-08:30 – Brúsabær opnar / rólegur leikur
08:00-08:30 - Barnaborg opnar / rólegur leikur
08:30-09:00 - Morgunmatur
09:00-10:00 - útivera
10:00- 10:30 - ávaxtastund
10:30-11:30 - Hópastarf
11:30-12:00 - Samveru- og söngstund
12:00-12:45 - Hádegismatur
12:45-13:15 - Hvíld /sögustund
13:15-15:00 - Leikur ýmist inni eða úti.
15:00-15:30 - Kaffi
15:30-16:15 - Leikur inni eða úti
16:15 - Leikskólinn lokar

Bangsabær

08:00-10:00 - Leikskólinn opnar / Útivera > 10:00-10:30 - Morgunhressing
10:30-12:00 - Leikur/hópastarf > 12:00-12:30 - Samveru- og söngstund
12:30-13:00 - Hádegismatur > 13:00 - Leikskólinn lokar

3 Leikskólastarfið

3.1 Framkvæmd ársáætlunar

Það er orðinn fastur liður í öllum deildum að nota haustið í ýmsar vettvangsferðir s.s. fjöruferð, skógarferð, berjaferð og fleira. Í þessum ferðum söfnum við efnivið sem notaður er yfir veturinn, við leggjum áherslu á að nota verðlausan efnivið í sem flesta vinnu með börnunum. Ef farið er í rútu eru þær ferðir oftast sameiginlegar, en að öðru leiti nýtir hver deild sitt nánasta umhverfi til rannsókna. Á vorin er vika til tíu dagar teknir í þemastarf og í vor var unnið í tengslum við Grænfánaverkefni. Þemavinnan endar á sýningu á verkum nemenda og þá um leið er elsti árgangurinn kvaddur með sérstöku kveðjukorti og blómum. Allan veturinn er unnið markvisst með tónlist, myndlist og hreyfingu en aðlaáherslan hjá okkur er leikurinn og fléttum við hann inn í alla þætti starfsins.

Einu sinni í viku var öðruvísidagur en það eru dagar sem við höfum einhverja tilbreytingu frá venjubundnu starfi. Þessir dagar eru merktir inn á skóladagatalið. Einu sinni í mánuði eða síðasta fimmtudag í hverjum mánuði var haldin afmælisveisla fyrir þau börn sem eiga afmæli þann mánuðinn. Börnin sáu um að undirbúa afmælisveisluna og baka t.d. muffins eða skúffuköku eða hvað annað sem okkur datt í hug.

3.2 Grænfáninn

Við höldum áfram að vinna að verkefninu „skólar á grænni grein“ sem er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Landvernd heldur utan um verkefnið á Íslandi. Við stefndum á að geta flaggað Grænfánanum á vordögum 2010. Verkefnið var tekið út af fulltrúa landverndar nú í vor og ljóst að við fáum Grænfánann. Þar sem þetta verkefni er í samvinnu við Grunnskólann austan Vatna þá var ekki hægt að koma því við á vordögum að taka á móti fánanum þar sem úttektin fór fram í skólalok. Ákveðið er að fáninn verði afhentur 6 september 2010. Til að öðlast þessa viðurkenningu þar að fara í gegnum sjö skref en þau eru eftirfarandi:

1. Umhverfisnefnd starfar innan skólans
2. Staða umhverfismála innan skólans metin
3. Áætlun gerð um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta í skólanum
4. Sinnt er stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum

5. Nemendur fræddir um umhverfismál

6. Skólinn kynnr stefnu sína út á við og fær aðra með

7. Skólinn setur sér formlega umhverfisstefnu

Við vorum með tvær kynningar á þessu verkefni þ.e. málstofu á Atvinnulífssýningu sem var haldin á Sauðárkróki og einnig málstofu á fræðsludegi á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar.

3.3 Starfið hvern mánuð

Ágúst mánuður byrjaði með starfsdegi leikskólans föstudaginn 7. ágúst þar sem starf vetrarins var skipulagt. Mánudaginn 9. ágúst opnaði leikskólinn svo aftur eftir sumarfrí. Aðlögun nýrra barna fór fram í mánuðinum. Að öðru leyti var síðasti hluti sumarsins nýttur í gönguferðir, berjatíslu og að njóta náttúrunnar.

Í **september** nutum við veðurbliðunnar meðan yngstu börnin voru að venjast leikskóladvölinni. Við höfðum boltadag þar sem allir komu með bolta að heiman og æfðu hinar ýmsu kúnstir og sýndu sína færni. Einnig var spiladagur og höfðu börnin sérstaklega gaman af að koma með sín eigin spil og spila þau við alla hina. Við fórum í fjöruferð við Garðssand og heppnaðist sú ferð mjög vel. Börnin náðu sér í ýmis verðmæti úr fjörunni sem svo var unnið með í leikskólanum. Hópastarfið hófst svo í lok mánaðarins og var það þrjá daga vikunnar. Samstarf milli Brúsabæjar og Grunnskólans að Hólum byrjaði einnig um sama leyti. Elstu börn Brúsabæjar fóru reglulega í allan vetur í íþróttir með 1. – 3. bekk grunnskólans og var boðið í tónmenntartíma með yngstu grunnskólanemendum þegar kostur var á. Boðið var upp á markvissa málörvun í Brúsabæ þar sem elstu börn leikskólans og yngsta deild grunnskólans fóru þegar kostur var á í útikennslustofu undir stjórn kennara grunnskólans.

Í byrjun **október** fóru börnin í Brúsabæ að leikskólalundinum okkar í Hjaltadal og voru þar gróðursett tré sem eru gjöf frá Yrkjusjóði. Stefnan er að gróðursetja reglulega tré í lundinum og gefa börnunum tækifæri til að fylgjast með hvernig trén vaxa og dafna. Sláturgerðin er orðin ríkur þáttur í leikskólastarfinu þar sem hún hefur tekist svo vel til. Börnin létu ekki sitt eftir liggja og tóku virkan þátt í sláturgerðinni. Skólahópur hóf göngu sína í mánuðinum en ekki var um heimsóknir milli deilda leikskólans að ræða eins og fyrri ár. Það var að ósk foreldra að ekki væri verið að keyra börnin frá Hofsósi til Hóla. Kirkjuskólinn hóf starfsemi sína og var hann

vikulega í Brúsabæ ásamt yngstu deild grunnskólans en í Barnaborg var kirkjuskólinn á tveggja vikna fresti. Útikennslan hófst á markvissan hátt í október þar sem eldri börn leikskólans fóru í skipulagðar ferðir undir stjórn kennara. Á Hólum var skógurinn nýttur til kennslu meðan fjaran þjónaði sama hlutverki á Hofsósi.

Í **nóvember** var starfsdagur 9. nóvember. Dagurinn var nýttur í sjálfsmat og sköpuðust uppbyggilegar umræður um innra starf leikskólans. Við tókum þátt í verkefninu „jól í skókassa“ og er þetta sjötta árið sem við tókum þátt í þessu verkefni. Þetta verkefni vekur upp umræðu með börnunum að ekki er sjálfgefið að allir fái jólagjafir og hafi það ekki eins gott og við. Eins og fyrri ár tóku nemendur Brúsabæjar þátt í haustskemmtun nemenda Grunnskólans að Hólum. Einn starfsmaður samdi texta við söguna um „Lötu stelpuna“ sem börnin sungu og léku á sannfærandi hátt. Við starfsfólkið vorum að sjálfsgöðu mjög stolt af okkar nemendum sem sjálfir voru hæstánægðir með sitt framlag. Boðið var upp á kaffiveitingar að skemmtun lokinni.

Við nýttum **desembermánuð** til að brjóta upp daglega starfið og einbeittum okkur að undirbúningi jólanna. Margar hefðir hafa skapast í leikskólanum hvað varðar undirbúninginn og voru þær í hávegum hafðar. Börnin útbjuggu jólagjafir handa foreldrum sínum og máluðu kort og umbúðapappír fyrir gjafirnar auk þess sem þau útbjuggu pakkaband. Bakaðar voru piparkökur og litu margir upprennandi bakameistarar dagsins ljós. Sumum þeirra fannst þó réttast að bragða töluvert vel á deiginu til að kanna hvort það væri ekki örugglega í lagi. Foreldrar komu svo og skreyttu kökurnar með börnum sínum. Foreldrafélag Brúsabæjar stóð fyrir jólaföndri í samvinnu við foreldrafélag Grunnskólans að Hólum og áttu þar börn og foreldrar ánægjulega stund við undirleik jólatónlistar meðan allir gæddu sér á piparkökum. Einnig var bakað laufabrauð sem börnin höfðu skorið út. Börnin föndruðu mikið í jólamánuðinum, hlustuðu á jólasögur og jólatónlistin var allsráðandi meðan börnin fengu fræðslu um jólahald fyrr og nú. Hvítskeggjuðu jólasveinarnir fengu auðvitað sinn skerf af fræðslunni enda mikill áhugi hjá nemendum um hátterni þessara þrettán pörupilta.

Litlu jólin voru haldin með hefðbundnum hætti. Í **Bangsabæ** voru börnin í rólegheitum inni á deild, hlustuðu á jólasögu og fengu pakka. Eftir það var farið inn í grunnskólann á Sólgörðum og dansað með nemendum þar í kringum jólatréð og farið í leiki. Eftir það settust allir saman að veisluborði þar sem borið var fram kakó og kökur. Í **Barnaborg** var róleg stund inni á deild, í hádeginu var borðaður sannkallaður jólamatur, eftir það var dansað í kringum jólatréð, jólasveinar komu í heimsókn og

færðu börnunum mandarínur og pakka og lásu jólasögu fyrir nemendurna. Á eftir var boðið upp á kakó, smákökur og ís. Í **Brúsabæ** voru börnin í rólegheitum inni á deild og hlustuðu á jólasögu og fengu pakka. Í hádeginu var sameiginleg jólamáltíð leikskólans og grunnskólans. Eftir hádegi söfnuðust allir saman inni í grunnskóla og sungu saman, dönsuðu í kringum jólatréð og jólasveinar komu í heimsókn og færðu börnunum mandarínur og epli. Í lokin var svo öllum boðið upp á kakó og kökur í boði foreldrafélaganna. Pakkarnir sem börnin fengu eru gefnir af foreldrafélögum leikskólanna.

Í Bangsabæ fóru allir í jólafrí eftir litlu jólin og mættu ekki aftur fyrr en grunnskólinn opnaði í janúar. Í Barnaborg og Brúsabæ fækkaði líka verulega og voru engin börn á milli jóla og nýárs í Barnaborg en þrjú börn voru í Brúsabæ.

Janúar bauð upp á fasta liði í starfi leikskólans á nýjan leik. Þorranum var fagnað með þorrablóti. Börnin útbjuggu víkingahjálma sem þau báru og komu með smá sýnishorn af þorramat að heiman sem allir gæddu sér á. Súrmaturinn féll þó misvel í mannskapinn en allir voru hvattir til að smakka. Börnin byrjuðu í danskennslu undir stjórn Jóns Þórs og fengu nokkra tíma. Danstímarnir enduðu svo á sýningu fyrir foreldra. Þessa danstíma hefur Grunnskólinn gefið leikskólanum og kemur það sér vel fyrir okkur. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir.

Í **febrúar** var mikið um að vera. Þann 6. febrúar er dagur leikskólans og að sjálfsögðu létum við ekki okkar eftir liggja. Nemendur Brúsabæjar settu upp myndlistarsýningu á 1. hæð Hólaskóla. Tækifærið var nýtt til að kynna leikskólann með því að hafa skólanámskrána sýnilega auk ýmissa gagna sem viðkoma starfi leikskólans. Nemendur sungu nokkur vel valin lög og léku sér. Foreldraviðtöl fóru fram í febrúar og tókust mjög vel. Það er alltaf jafn gleðilegt hversu mikil ánægja er hjá foreldrum með starf leikskólans. Að sjálfsögðu var haldið upp á Bolludag, Sprengidag og Öskudag með hefðbundnum hætti. Nemendur bjuggu sér til bolluvendi í öllum deildum leikskólans og gæddu sér að sjálfsögðu á bollum í öll mál. Saltkjöt og baunir voru auðvitað á matseðli Sprengidags og Öskudagur var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í **Bangsabæ** mættu börnin grímuklædd og slegið var upp heilmiklu öskudagsballi. Í **Barnaborg** fóru börnin gangandi á milli vinnustaða, sungu fyrir starfsmenn og fengu í þakklætisskyni góðgæti í poka. Eftir hádegi var slegið upp öskudagsballi. Í **Brúsabæ** fóru börnin gangandi í Hólaskóla og sungu fyrir starfsfólk og nemendur þar og hlutu að launum nammi í poka. Síðan var sameiginlegt öskudagsball Brúsabæjar og Grunnskólans að Hólum.

Innlagning á SMT hófst með skipulögðum hætti í mánuðinum þegar stofnað var teymi innan leikskólans. Teymið var undir stjórn Selmu Barðdal en aðrir sem í teyminu sátu voru leikskólastjóri, deildarstjórar og einn leiðbeinandi sem sótti námskeið um SMT fyrir um veturinn. Fundir voru haldnir hálfsmánaðarlega og fór vinnan fyrst og fremst í að setja reglur fyrir leikskólann við mismunandi aðstæður og þjálfar skýr fyrir mæli.

Uppákomurnar voru færri í **marsmánuði** en í febrúar og því var hægt að einbeita sér frekar að föstum liðum í dagskipulagi og hópastarfi. Undirbúningur páskana hófst í seinni hluta mánaðarins og var fönðrað töluvert auk þess sem börnin fengu fræðslu um páskahaldið. Eins og undanfarin ár fór páskaeggjaleitin mikla fram í Tröllaborg. Börnin leituðu að „páskaeggjunum“ sem starfsfólkið hafði falið. Páskaeggjin voru að þessu sinni kex, rúsínur og fleira góðgæti í skreyttu glasi auk málsháttar sem er ómissandi í hverju páskaeggi. Það var þó ekki nóg að börnin þurftu að leita að sínum eggjum, heldur þurfti starfsfólkið að hafa fyrir því að finna sín egg því börnin sáu til þess að fela þau. Eftir viðamikla leit að eggjunum settust allir niður og gæddu sér á innihaldi þeirra.

Starfið í **apríl** byrjaði á skipulagsdegi á þriðjudegi eftir páska. Fyrir hádegi vorum við á Steinhólum og var þar rætt um innleiðingu SMT í starf leikskólans. Einnig var farið yfir sjálfsmat og fengum við Margréti náms- og starfsráðgjafa í heimsókn. Eftir hádegið fórum við í vettvangsferð í leikskólann Furukot og kynntum okkur starfið og húsakynni þeirra. Við fórum einnig á Krílakot og skoðuðum aðstæður þar. Í lok aprílmánaðar var þemavika í öllum deildum leikskólans. Ákveðið var að hafa hana annað árið í röð í tengslum við Grænfánaverkefnið. Skipulagðir voru grænir dagar með fjölbreyttri dagskrá þar sem komið var inn á alla námsþætti. Nemendur útbjuggu ýmis listaverk úr verðlausu efni, fóru í gönguferð þar sem safnað var ýmsum verðmætum úr náttúrunni og sungin voru lög um umhverfið og vorið. Allir gerðu hljóðfæri úr plastumbúðum, hlustuðu á lög um umhverfið og lásu bækur um það auk þess sem bakaðar voru grænar kökur og leirað úr grænum leir. Listaverk var svo gert úr ýmsu „ónýtu“ dóti sem börnin komu með að heiman.

Þar sem þemaviku bar upp á Sæluviku var ákveðið að hafa opið hús. Á Hólum var sameiginlegt opið hús hjá leik- og grunnskólanum. Fundur var haldinn þar sem dagskráin var skipulögð. Á Hólum var nemendum og gestum gefið tækifæri til að baka brauð yfir eldi í útikennslustofunni. Ómar, framkvæmdarstjóri Flokku, flutti erindi um flokkun á hrá efni og nemendur grunnskólans héldu utan um keppni í flokkun. Byggt var hús úr mjólkurfernum og sameiginleg listaverk voru gerð úr verðlausu efni,

bæði úti og inni. Samhliða opna húsinu voru foreldrar hvattir til að taka þátt í könnun um stöðu umhverfismála á heimilum þeirra og liggja niðurstöður þeirra fyrir. Þegar flokkunartunnur verða komnar að Hólum væri forvitnilegt að gera könnun á ný og fylgjast þannig með þátttöku heimila nemenda í umhverfisverkefninu. Í Barnaborg var opið hús þar sem foreldrum og öðrum gestum gafst kostur á að sjá flokkunarstöðina okkar og við sýndum þeim hvernig við flokkum ruslið sem tilfellur á leikskólanum. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir gestir komu á opna húsið og finna hversu jákvæðir allir eru fyrir Grænfánaverkefninu. Það er mikil hvatning að halda áfram á sömu braut þegar slíku viðhorfi er mætt.

Að vanda var okkur boðið að horfa á leiksýningu í Sæluvíkunni. Að þessu sinni var á boðstólum leikritið Alli Nalli og tunglið á vegum Möguleikhússins.

Í byrjun maí voru hnýttir lokaendar á þemadagana og hafinn var undirbúningur að málverkasýningu og útskrift nemenda sem var 12. maí í Brúsabæ en 13. maí í Barnaborg. Eftir það var formlegu hópastarfi lokið og lögð áhersla á útivist.

Í Bangsabæ var engin útskrift þetta árið þar sem ekkert barn var í skólahóp og var síðasti dagur fyrir sumarfrí 21 maí. Foreldrafélag Brúsabæjar stóð fyrir sveitarferð að Narfastöðum föstudaginn 7. maí. Börnin fengu að sjá nýbornu lömbin og fóru á hestbak og gæddu sér svo á nýbökuðum snúðum. Auk þess sá foreldrafélagið um pizzukvöld í Hólaskóla í samstarfi við Ólaf Jónsson. Var það fjáröflun til kaupa á flaggstöng fyrir Brúsabæ, sem er verið að setja upp þessa dagana. Íþróttadagur var í seinni hluta maímánuðar og voru settar upp þrautabrautir af því tilefni. Í Brúsabæ tóku nemendur þátt í lokadegi grunnskólans með því að hvetja þá í fótboltaviðureign gegn kennurum sínum og slegið var upp sameiginlegri grillveislu að keppni lokinni.

Í júní nutu börnin veðurlíðunnar vel og starfið var að miklu leyti utandyra. Börnunum fækkaði verulega og var mánuðurinn notaður til að yfirfara leikföng og þvo þau. Börnin í Brúsabæ og Barnaborg fóru í skógarferð í Hólaskóg þar sem farið var í leiki, gönguferð og gætt sér á nesti. Lummudagar voru í Skagafirði helgina 25. til 27. júní og tóku bæði Barnaborg og Brúsabær þátt í þeim. Í **Barnaborg** var opið hús á milli kl. 10:30 og 11:30 og tóku börnin á móti gestum með nýsteiktum lummum, góð aðsókn var í lummukaffið. Í **Brúsabæ** voru bakaðar lummur í útielðhúsinu milli kl. 14 og 15:30

Síðasti dagur í Barnaborg og Brúsabæ fyrir sumarfrí var föstudagurinn 25. júní.

3.4 Útikennsla

Í vetur var haldið áfram að þróa útikennslu. Í **Barnaborg** heitir útivistarhópurinn Fjörutröll sem eru tveir elstu árgöngunum. Eins og nafn hópsins gefur til kynna var fjaran heimasvæði Fjörutröllanna. Börnin fundu sér stað í fjörunni sem var þeirra svæði og léku þau sér þar. Stundum var farið með heitt kakó á brúsa og matarkef og nestið borðað á uppáhalds stað barnanna í fjörunni. Fjörutröllin fylgdust í vetur með breytileika sjávarins, hvernig hann er stundum sléttur og stundum úfinn og fannst þeim hann stundum vera sofandi, stundum glaður og stundum reiður. Fjörutröllin voru dugleg að tína rusl sem þau fundu í fjörunni og settu það í flokkunarstöðina okkar á leikskólanum þegar heim var komið. Mikil tilhlökkun var alltaf í börnunum að fara í fjöruna. Í **Brúsabæ** heitir útivistarhópurinn Skógartröll sem í vetur voru þrír elstu árgangar deildarinnar. Um haustið fundu Skógartröllin sér leynistað og var fylgst með því allan veturinn hvernig hann breyttist eftir árstíðum. Útielhdúsið var notað mikið til að baka brauð, steikja lummur, hita kakó og jafnvel var poppað með góðum árangri. Börnin æfðu sig að tálga og smíða og fóru í ýmsa leiki. Lögð var áhersla á að gefa nemendum kost á að skynja skóginn á fjölbreyttan hátt og voru því öll skynfærin þjálfuð með ýmsum leikjum og þjálfun. Einnig var gefinn góður tími til að sitja í rólegheitum við varðeldinn og heyra snarkið í honum, hlusta á sögur og gæða sér á heitu kakói. Það er svo sannarlega ánægjulegt að sjá hversu ríkur þáttur útikennslan er orðin í starfi leikskólans. Nemendur telja skóginn sjálfsgöðan hluta af leikumhverfi sínu og uppspretta leikjahugmynda þeirra með náttúruna eina að vopni er óþrjótandi. Í **Bangsabæ** eru það Náttúrutröllin sem vinna úti í náttúrunni. Þar sem aðeins einn starfsmaður er í Bangsabæ þá höfum við ekki farið út í það að kveikja eld. Börnin hafa með sér heitt kakó og geta sest niður og iljað sér á því á meðan þau hlusta á hugljúfa sögu eða bara sitja hljóð og hlusta á hljóðin í náttúrunni.

3.5 Skólahópur

Skólahópur hittist einu sinni í viku. Unnið var með þrjá fyrstu kaflana í Markvissri málörvun og stærðfræðibókinni „Kátt er í Kynjadal“.

Skólahópurinn í Barnaborg fór í heimsókn í Grunnskólann á Hofsósi eftir áramót í alls átta skipti tvo tíma í senn. Þau sátu í tíma með fyrsta bekk og tvisvar á tímabilinu fengu þau að fara í morgunmat með þeim.

Skólahópurinn á Hólum fór í íþróttir og tónmennt með yngstu deild Grunnskólans að Hólum allan veturinn. Einnig fóru þau þegar kostur gafst í markvissa málörvun í

útikennslustofu með yngstu deildinni. Í maí voru þau svo í eina viku alveg í Grunnskólanum og mættu kl. 8:00 í skólann en komu svo inn í leikskólann kl. 13:00.

4 Nemendur

Í Tröllaborg dvöldu 1. desember 2009, 42 börn sem skiptust niður á þrjár deildir, Bangsabæ í Fljótum, Barnaborg á Hofsósi og Brúsabæ á Hólum.

4.1 Nemendafjöldi

Bangsabær

Það geta verið 10 börn samtímis í leikskólanum fyrir utan þann tíma sem skarast.

Börn fædd	Fjöldi	drengir	stúlkur	Barngildi árgangs
2004	0	0	0	$0,8 \times 0 = 0$
2005	3	3	0	$1,0 \times 3 = 3$
2006	2	2	0	$1,3 \times 2 = 2,6$
2007	0	0	0	$1,6 \times 0 = 0$
2008	0	0	0	$2,0 \times 0 = 0$
Samtals	5	5	0	5,6

Barnaborg

Það geta verið 15 börn samtímis í leikskólanum fyrir utan þann tíma sem skarast. Vegna skorts á dagmömmum í Hofsósi þá ákvað ég að taka fleiri börn inn en áður hefur verið gert og dvöldu í Barnaborg í vetur 18 börn. Þetta gekk ekki vel og er ljóst að það er hámark að taka inn 16 börn.

Börn fædd	fjöldi	drengir	stúlkur	Barngildi árgangs
2004	2	2	0	$0,8 \times 2 = 1,6$
2005	4	3	1	$1,0 \times 4 = 4$
2006	3	2	1	$1,3 \times 3 = 3,9$
2007	4	1	3	$1,6 \times 4 = 6,4$
2008	5	4	1	$2,0 \times 5 = 10$
Samtals	16	9	7	25,9

Brúsabær

Eftir breytingar geta 40 börn dvalið í Brúsabæ

Börn fædd	fjöldi	drengir	stúlkur	Barngildi árgangs
2004	3	1	2	$0,8 \times 3 = 2,4$
2005	4	4	0	$1,0 \times 4 = 4$
2006	4	3	1	$1,3 \times 4 = 5,2$
2007	5	4	1	$1,6 \times 5 = 8$
2008	3	1	2	$2,0 \times 3 = 6$
Samtals	21	11	10	25,6

4.2 Sérkennsla

Ekkert barn var hjá okkur með verulega fötlun. Nokkur börn þurftu þó stuðning varðandi málþroska. Inga Huld talmeinafræðingur liðsinnti okkur varðandi það.

5 Starfsmenn

5.1 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi

Fjöldi starfsmanna miðast við fjölda barna og samsetningar barnahópsins. Taka þarf með í útreikninga varðandi starfsmenn að dagurinn er frá 7:45-16:15, kaffitíma, undirbúning og starfsmenn sem eru í leikskólakennaranámi. Einnig að leikskólinn er rekinn á þremur starfsstöðvum.

Fyrir áramót voru 13 starfsmenn í 10,57 stöðugildum, þar af tveir starfsmenn í ræstingu og einn starfsmaður í eldhúsi. Tveir menntaðir leikskólakennarar voru og einn þroskaþjálfari. Eftir áramót kom grunnskólakennari inn úr fæðingarorlofi og annar grunnskólakennari kom til starfa í Barnaborg. Það þurfti því að fjölga stöðugildum upp í 11,95 til að dekkja undirbúningstíma, vegna aldurskiptingar á barnahópnum og aukins opnunartíma í Bangsabæ.

Starfsmenn eru í þremur stéttarfélögum. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar í Félagi leikskólakennara, þroskaþjálfinn í Félagi þroskaþjálfara en aðrir starfsmenn í Starfsmannafélagi Skagafjarðar.

5.2 Starfsmenn í fjarnámi

Einn starfsmaður Tröllaborgar var í leikskólakennaranámi við HA á Akureyri síðastliðið haust. Námið er fjarnám og var kennt tvisvar í viku og þarf neminn að sækja þá kennslu í Farskólann á Sauðárkróki. Einnig eru staðarlotur á Akureyri einu sinni í mánuði 2-3 dagar í einu. Einnig var einn starfsmaður í fjarnámi í sérkennslufræðum við HÍ og þurfti að fara suður þrisvar á önn tvo daga í senn.

6 Símenntun

6.1 Ýmis námskeið

Haustþing leikskóla á Norðurlandi vestra var haldið á Hvammstanga þann 25. september. Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur var með tvö erindi. Annars vegar fjallaði hún um samskipti á kvennavinnustað og hins vegar um aga og sjálfsmynd barna. Báðir fyrirlestarnir voru mjög áhugaverðir og nýtast vel í leikskólastarfinu. Námskeiðsdagur leikskóla Skagafjarðar var haldinn að Hólum fimmtudaginn 18. febrúar. Edda Björgvinsdóttir leikkona hélt fyrirlestur um mikilvægi þess að hafa gleði og hómur í farteskinu á vinnustöðum. Það var álit starfsmanna Tröllaborgar að fyrirlesturinn hafi verið mjög gagnlegur og upp komu umræður um hvað hægt er að gera til að hafa gleðina enn frekar við völd í starfinu.

Tveir starfsmenn fóru á námskeið um Numicon kubba sem nýttir eru í stærðfræðikennslu.

6.2 Skipulagsdagar

Skipulagsdagarnir urðu tveir. Sá fyrri var 9. nóvember. Farið var í sjálfsmatið „barnið í brennidepli“ og sköpuðust uppbyggilegar og góðar umræður um ýmsa þætti í starfinu.

Seinni skipulagsdagurinn var 6. apríl. Fyrir hádegi vorum við á Steinhólum og var þar rætt um innleiðingu SMT í starf leikskólans. Einnig var farið yfir sjálfsmatið frá því í nóvember. Margrét náms- og starfsráðgjafi hjá Farskólanum kom og kynnti fyrir okkur námsframboðið þar. Eftir hádegið fórum við í vettvangsferð í leikskólann Furukot og kynntum okkur starfið og húsakynni þeirra. Við fórum einnig á Krílakot og skoðuðum aðstæður þar.

7. Mat á skólastarfi

Við notuðum skipulagsdaginn í nóvember í sjálfsmat, þ.e. matslista sem heitir „Barnið í Brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leikskólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki leikskóla við að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarf og stjórnun. Við tókum lykilþætti 4 og 5. Skýrsla um sjálfsmatið fylgir með ársskýrslunni, einnig er hún inn á heimasíðu leikskólans.

8 Tölvumál

Tölvumálin eru komin í nokkuð gott lag hjá okkur. Ein tölva er fyrir starfsmenn í öllum deildum og ein tölva hjá leikskólastjóra. Börnin hafa aðgang að tölvum inni á hverri deild.

9 Önnur samskipti

9.1 Grunnskólinn að Hólum

Auk þessa mikla samstarfs sem er í kringum skólahópinn í Brúsabæ þá er heilmikið annað samstarf við grunnskólann. Ýmsar sameiginlegar uppákomur voru og má þar nefna nóvemberskemmtun grunnskólans en þar voru leikskólabörnin með eitt atriði, jólaball, öskudagsball og grillhátíð í vor. Undanfarin ár hefur þriggja og fjögurra ára börnunum verið boðið í tónmennt einu sinni í viku sem Jóhann Bjarnason hefur séð um en ekki varð af því þetta skólaárið vegna breytinga á skipulagi skólstarfs grunnskólans. Nú er unnið að því að efla samstarfið milli skólastiganna tveggja enn frekar með markvissum hætti.

Það kom einnig fyrir í vetur að nemendur grunnskólans komu í heimsókn í leikskólann vegna manneklu. Eins var skóladagvistun eftir skóla í umsjón leikskólans.

Sameiginleg innkaup eru á öllum hreinlætisvörum og ýmsum öðrum rekstrarvörum.

9.2 Foreldrasamstarf

Samskipti við foreldra hafa alltaf verið góð og jákvæðni gætt hjá öllum og þannig viljum við að það verði áfram. Þar sem samfélagið er lítið þá eru samskiptin mjög persónuleg og fara að mestu leyti fram í daglegum samskiptum. Á haustmánuðum var aðalfundur foreldrafélaganna en foreldrafélag er við hverja deild. Þessi fundur er haldinn í samvinnu við leikskólastjóra og mætir starfsfólk leikskólans á þennan fund og kynnr starfið sem fram á að fara um veturinn. Í febrúar fóru fram foreldraviðtöl í öllum deildum. Allt skipulag leikskólans geta foreldrar fundið inn á heimasíðu leikskólans.

9.3 Vinnuskólanemar

Undanfarin ár hafa verið hjá okkur unglingar frá vinnuskólanum og var það einnig nú. Í Barnaborg var ein stúlka og í Brúsabæ voru ein stúlka og einn drengur

9.4 Gjafir

Foreldrar í öllum deildum leikskólans færðu leikskólanum gömul leikföng, bækur og púsl að gjöf. Það er gaman að fá slíkar gjafir, við vitum að í okkar þjóðfélagi eru margir ofhlaðnir dóti og eiga í rauninni allt of mikið. Þetta er því skemmtileg endurnýtingarstefna og kunnum við foreldrunum okkar bestu þakkir fyrir.

Foreldrafélag Barnaborgar færði leikskólanum spil um Pétur og úlfinn, töskur til að nota í útikennsluna, lítinn dráttarvagn, lítið tjald og efni til föndurgerðar s.s. málningu, perlur og fleira þess háttar. Foreldrafélag Brúsabæjar gaf fánastöng og kostnað við sveitarferð. Kvenfélagið í Fljótunum gaf Bangsabæ 30.000 til leikfangakaupa og verður þessi peningur nýttur á haustdögum.

Fyrir þessar gjafir færum við okkar bestu þakkir.

10 Skólanámskrá og annað útgefið efni

Skólanámskráin var endurskoðuð í vor en það á eftir að ganga frá henni og verður það gert á haustdögum.

Foreldrahandbókin var endurskoðuð. Foreldrar sem byrja með barnið sitt í leikskólanum fá afhenta foreldrahandbókina. Foreldrahandbókin er öllum opin á heimasíðu leikskólans.

Í tilefni af atvinnulífsýningunni var gefin út bæklingur sem fylgir með í viðhengi.